

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík



Reykjavík, 18.12.2017

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2018. Þingskjal 3 – 3. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2018. Frestur til að skila inn umsögn var allt of stuttur. Þá er forkastanlegt að þjóðinni skuli vera boðnir nokkrir dagar til að veita umsögn um jafn mikilvæg lög íslenska ríkisins. Frumvarpið er eðli málsins samkvæmt viðamikl og nauðsynlegt er því að veita að minnsta kosti tvær vikur til skoðunar og umsagnar enda telst það algjör lágmarkstími.

Hækkun tekjuskatts af fjármagnstekjum (um 2. gr.).

Samkvæmt frumvarpinu á að hækka fjármagnstekjuskatt úr 20% í 22%. Um 70% örorkulífeyrisþega eru með fjármagnstekjur á ári undir 10.000 kr. Jafnvel þó meginþorri örorkulífeyrisþega sé með mjög lágur fjármagnstekjur mun þessi hækkun koma illa við lífeyrisþega með fjármagnstekjur, t.d. vegna söluhagnaðar eða leigutekna, og bætast við þær miklu skerðingar sem eru fyrir í kerfinu. Lífeyrisþegum er í raun refsað fyrir sjálfsbjargarviðleitni eins og dæmin sýna.

Má þar fyrst nefna að fjármagnstekjur skerða framfærsluþróttina „krónu á móti krónu“ og þá frá mjög lágum fjármagnstekjum. Nægir ef örorkulífeyrisþegi er með 12 krónur í fjármagnstekjur á ári, þá skerðist framfærsluþróttin um eina krónu á mánuði.

Leigutekjur teljast til fjármagnstekna. Rétt er að vekja athygli á því að heildarupphæð þeirra fyrir skatt telst til tekna hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) og skerðir lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og greiðslur félagslegrar aðstoðar umfram frítekjumark sem er 98.680 kr. ár ári.¹ Á sama tíma geta leigusalar ekki dregið frá kostnað vegna íbúða s.s. afborganir lána, fasteignagjöld, hússjóð, viðhald og viðgerðir. Af þessum sökum er það mjög óhagstætt fyrir lífeyrisþega að leigja út íbúð þar sem skerðingin ásamt sköttum og kostnaði getur verið meiri en leigutekjurnar. Eftir hækkun fjármagnstekjuskatts verður það enn óhagstæðara. Á sama tíma er mikil vöntun á leiguhúsnæði.

¹ Hjá ellilífeyrisþegum er 45% skerðing vegna leigutekna.

Lífeyrisþegar hafa stigið fram í fjölmiðlum og greint frá því að hafa þurft að endurgreiða TR lífeyri í heilt ár vegna söluhagnaðar, s.s. vegna sölu sumarbústaða. Af þessum söluhagnaði hefur þeim verið gert að greiða 20% tekjuskatt, sem mun hækka í 22%, en engar tillögur til úrbóta hafa enn sést.

Verðbætur teljast einnig til fjármagnstekna. Verðbætur eru hugsaðar til að koma í veg fyrir rýrnun innistöðu vegna verðbólgu. Því er mjög ósanngjarnt að skerða lífeyri vegna verðbóta.

Tillögur um breytingar

Hækka verulega frítekjumark vegna fjármagnstekna, en frítekjumarkið hefur verið óbreytt frá árinu 2009.

Einungis raunvextir og raunleigutekjur komi til skerðinga á lífeyri almannatrygginga. Leigutekjur af einni leiguíbúð verði undanþegnar fjármagnstekjuskatti og tryggt verði að leigutekjur skerði ekki greiðslur almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar.

Barnabætur (um 4. gr.)

Barnabætur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lífi barnafjölskyldna og þar á meðal í lífi örorkulífeyrisþega með börn. Tilgangur barnabóta er að tryggja öllum börnum skilyrði til eðlilegs lífs. Rannsóknir hafa sýnt að þúsundir barna á Íslandi búa við skort. Ríkisvaldið hefur skyldum að gegna gagnvart þessum börnum og verður löggjafinn því að grípa til markvissra aðgerða sem skila árangri í baráttunni gegn fátækt. Því er jákvætt skref að hækka viðmiðunarfjárhæðir barnabóta um 8,5% og tekjuviðmiðunarmörkin um 7,4% í takt við launapróun 2016- 2017 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta þýðir til að mynda að þær byrja að skerðast hjá einstæðu foreldri með heildarárstekjur/tekjustofn yfir 2.900.000 kr. (hækkar skv. frumvarpinu úr 2.700.000 kr.), sem jafngildir mánaðartekjum að upphæð 241.650 kr. Hækkunin er því jákvæð, en breytir þó ekki þeirri staðreynd að barnabætur hér á landi eru mjög lágtekjumiðaðar. Þær byrja að skerðast við tekjur sem eru vel undir lágmarkslaunum. Vakin er athygli á því að í fylgiriti með frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun framlaga til barnabóta árin 2019 og 2020, sem er mjög miður.

Dæmi um barnabætur á árinu 2016.

Einstæður örorkulífeyrisþegi með eitt barn á framfæri og eingöngu lífeyri almannatrygginga til framfærslu fengi miðað við óbreytt viðmið greiddar 26.666 kr. í barnabætur á mánuði á árinu 2018.

Ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt myndu barnabætur fyrir þennan sama einstakling hækka um rúmar 2.500 kr. á mánuði.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að viðmiðunarfjárhæð fyrir einstæða foreldra hækki í 3.600.000 kr. (300.000 kr. á mánuði og verði ekki undir lágmarkslaunum árið 2017) og sambærileg hækkun verði fyrir hjón/sambýlisfólk.

Vaxtabætur

Vaxtabætur hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna fyrir alla sem greiða af húsnæðislaunum. Vaxtabyrði er of mikil hér á landi. Mjög mikilvægt er að tekjulágir einstaklingar fái greiddar vaxtabætur til að geta frekar ráðið við greiðslu húsnæðislána. Það er því miður ekki raunin. Sökum þess að eignastofnar fyrir útreikning vaxtabóta

eru lágir og hafa verið nær óbreyttir frá 2010 hafa fjölmargir tekjulágir einstaklingar ekki fengið greiddar vaxtabætur síðustu ár. Fasteignamat hefur hækkað verulega síðustu ár og því teljast þessir einstaklingar ekki skulda nægilega mikið í eigninni. Einstaklingar með heildarárstekjur undir 3.500.000 kr. eru ekki að fá greiddar vaxtabætur þrátt fyrir að greiða meira en 30% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæðislán og þá er eftir allur annar kostnaður sem til fellur við að reka húsnæði. Eigið fé í fasteign skiptir í raun ekki máli ef ráðstöfunarfé stendur ekki undir framfærslu. Húsnæðisstuðningur þarf fyrst og fremst að taka mið af tekjum fólks. Þetta er þess valdandi að tekjulágir einstaklingar missa eigið húsnæði og færast yfir á leigumarkaðinn, þar sem leiguverð er enn hærra en afborganir af eigin húsnæði.

Við þessu verður ríkisvaldið að bregðast með markvissum aðgerðum. Í frumvarpinu er lagt til að útreikningsreglur og viðmiðunarfrjárhæðir vaxtakerfisins verði óbreyttar. Ætlunin er að lækka framlög til vaxtabóta um rúmar 2 milljarða kr. árið 2018.² Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun næstu árin og að framlög til vaxtabóta verði komin niður í rúma 3,5 milljarða kr.árið 2020 en þau voru rúmir 6 milljarðar árið 2017.

Hækka þarf eignastofna verulega. Enn fremur þarf að hækka tekjuviðmið, en vaxtabætur til einstaklings með 4.000.000 kr. árstekjur, skerðast um 340.000 kr. vegna tekna, sem verður að teljast veruleg skerðing af ekki hærri tekjum.

Tillögur um breytinguar:

Lagt er til að reiknað verði út hversu mikið fasteignamat hefur hækkað frá árinu 2010 og uppfæra eignamörkin í samræmi við þá hækkun.

Þá er einnig lagt til að lögfest verði að eignastofn fyrir vaxtabætur hækki árlega í samræmi við þróun fasteignamats.

Hækkun krónutöluskatta- og gjalda


Á nokkrum stöðum í frumvarpinu kemur fram að hækka eigi tiltekna liði um 2% í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Slíkar hækkningar hafa mun meiri áhrif á tekjulága en þá sem meira hafa milli handanna.

Meginþorri örorkulífeyrisþega tilheyrir hópi lágtekjufólks, en miðgildi heildartekna þeirra (fyrir skatt) var rúmar 270 þús. kr. árið 2016. ÖBÍ fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að reikna út þróun kaupmáttar heildartekna örorkulífeyrisþega fyrir árin 2009 til 2016. Niðurstöðuna má sjá á mynd 1 hérna fyrir neðan. Verulegur munur á þróun kaupmáttar tekna örorkulífeyrisþega annars vegar og launafólks hins vegar, hvort heldur horft er til lágmarkslauna, miðgildis heildartekna fullvinnandi, óskerts lífeyris almannatrygginga³ eða miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega. Öfugt við laun á vinnumarkaði hafa tekjur örorkulífeyrisþega rýrnað flest árin.

² Lækkun úr 6.138 milljarða kr. skv. fjárlögum 2017 í 4 milljarða kr.

³ Með óskertum lífeyri almannatrygginga (framfærsluviðmið) er átt við heildarupphæð greiðslna til einstaklings sem hefur engar, eða lágur tekjur, annars staðar frá.

Mynd 1.



Bifreiðamál (um 11. – 17. gr.)

Það að komast á milli staða er lykilatriði sjálfstæðs lífs. Hækkun á þessum liðum kemur öllum illa, á það sérstaklega við um hreyfihamlaða einstaklinga, en bifreið er þeim nauðsynlegt hjálpartæki.

Styrkir og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna kaupa og reksturs bifreiða hafa ekki fylgt verðlagsbreytingum milli ára. Ný reglugerð^[1] tók gildi 1. nóvember 2015 sem kveður á um 20% hækkun uppbóta og styrkja til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, en þær höfðu verið óbreyttar frá 2009. Tillögur starfshóps um endurskoðun bifreiðamála hreyfihamlaðra í skýrslu^[2] frá því í desember 2014 höfðu miðast við 50% hækkun, enda hafði verð og rekstrarkostnaður bifreiða hækkað umtalsvert á þessum árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verðlagsuppfærslu sem tekur gildi í ársbyrjun 2018 sem nemur 2%. Um er að ræða ræða bensíngjald, olíugjald, áfengisgjald, tóbaksgjald, bifreiðagjald og kílómetragjald. Slíkar hækkningar munu gera hreyfihömluðum einstaklingum enn erfiðara fyrir að eignast og reka bifreið en áður, ef uppbætur og styrkir verða ekki hækkaðir í samræmi við verðlagsbreytingar.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að styrkir og uppbætur verði hækkaðir í samræmi við verðlagsbreytingar.

^[1] <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=238019d3-be23-4410-9cd1-930a01b26dd8>

^[2] <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34977>

Virðisaukaskattur (um 40 gr.)

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur ráðlagt að haldið sé aftur af opinberri gjalddöku vegna lyfja. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt, en ÖBÍ og LEB hafa lengi barist fyrir því að VSK af lyfjum verði afnuminn. Slík breyting myndi koma lífeyrisþegum sérstaklega til góða, þar sem í hópi þeirra eru fjölmargir langveikir sem nota lyf að staðaldri. Einnig myndi það gagnast barnafjölskyldum og þá sér í lagi fjölskyldum langveikra barna. Þrátt fyrir þak á lyfjakostnaði eru fjölmargir langveikir með mjög háan kostnað vegna lyfja og þá sér í lagi vegna lyfja sem eru utan greiðsluþátttökukerfisins s.s. sýklalyf, róandi og kvíðastillandi lyf, verkjalyf, svefnlyf og hægðalyf.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig lengi talað fyrir afnámi virðisaukaskatts af lyfseðilsskyldum lyfjum. Á landsfundinum Sjálfstæðisflokksins árið 2005 var eftirfarandi samþykkt í ályktun sem fjallaði um að fella niður VSK á lyfseðilsskyldum lyfjum:

„...að fella niður virðisaukaskatt á lyfseðilsskyldum lyfjum, sem í senn er einföldun á skattkerfinu og einkum til hagsbóta fyrir aldraða, öryrkja og barnafjölskyldur.“^[1]

Í tíð Kristján Þór Júlíussonar sem heilbrigðisráðherra gaf hann svar þeirri spurningu hvort hann hygðist leggja til að lyf fari í lægra þrep virðisaukaskatts til að draga úr lyfjakostnaði einstaklinga. Hann sagði orðrétt:

„Við þær breytingar sem gerðar voru á virðisaukaskatti um síðustu áramót var rætt um þennan möguleika en ekki varð af því. Ráðherra mun taka þetta mál aftur upp þegar næst verða ræddar breytingar á virðisaukaskattskerfinu.“^[2]

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á virðisaukaskattskerfinu og hefði þetta frumvarp því verið tækifæri til þess að afnema virðisaukaskatt af lyfjum og hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að virðisaukaskattur af lyfjum og hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða verði afnuminn.

Frítekjumark vegna atvinnutekna (um 30. gr.)

Í umsögnum síðustu ára hefur ÖBÍ ítrekað mikilvægi þess að halda inni frítekjumarki vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega og lögfesta það. Frítekjumark á atvinnutekjur hvetur örorkulífeyrisþega, sem hafa einhverja vinnufærni, til atvinnuþátttöku í því skyni að auka virkni sína og bæta kjör.

Frítekjumörk í lögum um almannatryggingar hafa verið óbreytt frá 2009, en þau ættu að fylgja árlegum breytingum á sama hátt og lífeyrir skv. lögum um almannatryggingar. Ákvæði þess efnis þarf að koma inn í lögin. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Ef

^[1] Sjá nánar í grein Almars Grímssonar; Virðisaukaskattur á lyf er tímaskekkja sem birtist í Morgunblaðinu 26.11.2006. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1116299/>

^[2] Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur um lyf og greiðsluþátttökukerfi. Þskj. 1285, 625. mál.

frítækjumark vegna atvinnutekna hefði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009, þá yrði frítækjumarkið 2.406.300 kr.⁴ í stað 1.315.200 kr. á ári eða rúmar 200 þús kr. á mánuði í stað 109.600 kr.

Tillaga um breytingu:

Frítækjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyris verði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009.

Víxlverkunin milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða (um 30. gr.)

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja bráðabirgðaákvæði til að koma í veg fyrir víxlverkun milli örorkugreiðslna frá almannatryggingum annars vegar og frá lífeyrissjóðum hins vegar. Á meðan ekki hefur verið fundin framtíðarlausn á þessum vanda, er slíkt bráðabirgðaákvæði nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðsgreiðslur til örorkulífeyrisþega lækki enn frekar eða falli jafnvel niður. Allt frá árinu 2009 hefur ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn á vandanum, lausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyrisþega.

Tillaga um breytingu:

Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum frá TR.

Áskilnaður

ÖBÍ áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir við frumvarpið á síðari stigum. Einnig eru fulltrúar ÖBÍ reiðubúnir til að funda um efni frumvarpsins.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ

⁴ Uppreiknað til október 2017.